

Reykjavík 15. ágúst 2022

Fyrirspurn:

Frá íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdal um skólahúsnæði í hverfinu

Berist til:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdal

v.t. Heimis Snæs Guðmundssonar.

Kæri Heimir,

mikið þykir mér leitt hve svar við þessari fyrirspurn hefur dregist og beðist er velvirðingar á því.

Því er til að svara að síðastliðinn vetur, eða í byrjun mars 2022 var settur á laggirnar starfshópur til að rýna sérstaklega skóla- og frístundastarf í Úlfarsárdal og Grafarholti hvað varðar húsnæði þar sem mikil fjölgun hefur orðið í hverfinu og byggingareitir enn í uppbyggingu. Á sama tíma hefur orðið fækkun í einum skólanna og því mikilvægt að skoða hvaða tækifæri það getur skapað að líta á svæðið í heild sinni þegar kemur að skóla- og frístundastarfi.

Í starfshópnum sitja:

Guðrún Edda Björnsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla

Guðjóna Eygló Friðriksdóttir, skólastjóri Sæmundarskóla

Gréta Þórsdóttir Björnsson, verkefnastjóri USK, Frumathuganir mannvirkja

Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Í erindisbréfi fyrir starfshópinn kemur eftirfarandi fram um tilgang hans og hlutverk:

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að nemendaþróun í þessum þremur skólahverfum hefur verið ólík, annars vegar mikil fjölgun og hins vegar viðvarandi fækkun. Í anda Græna plans Reykjavíkurborgar um hagkvæma og góða nýtingu húsnæðis, aðstöðu og farsælt skóla- og frístundastarf er mikilvægt að rýna hvernig best má koma fyrir skóla- og frístundastarfi í þessum skólahverfum.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- *Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.*
- *Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið um skipulags- og samgöngumál í hverfunum.*
- *Að huga að og meta mótvægisáðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.*
- *Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Dalskóla, Sæmundarskóla, Ingunnarskóla, frístundaheimilunum Fjósínu, Stjörnulandi og Úlfabyggð og í félagsmiðstöðvunum Fellið í Dalskóla, Plútó í Sæmundarskóla og Fókus við Ingunnarskóla.*

Starfshópurinn er nú á lokametrunum í vinnu sinni og mun skila af sér eigi síðar en í lok september 2022. Þá verða niðurstöður hans rýndar og kynntar og teknar ákvarðanir í framhaldi af því um hvaða leiðir skuli farnar.

Með vinsemd og virðingu,

Soffía Vagnsdóttir

skrifstofustjóri grunnskólamála á SFS